

Fundur haldin í hreppsnefnd Tjörneshrepps 19. janúar 2021, klukkan 16:00 í Sólvangi.

Mættir eru Aðalsteinn J. Halldórsson, Jón Gunnarsson, Smári Kárason, Katý Bjarnadóttir og Jónas Jónasson í fjarveru Sveins Egilssonar sem boðaði forföll. Oddviti setur fund og stjórnar honum.

1. Áskorun varðandi framboð grænkerafæðis í skólum. Erindi frá samtökum grænkerana.
Hreppsnefnd sér sér ekki fært að verða við erindinu.
2. Erindi frá Halldóri Valdimarssyni og Menningarfélaginu Urðabrunni vegna örnefnaskráningar í Tjörneshreppi.
Hreppsnefnd þakkar Halldóri fyrir erindið og mun hreppsnefnd aðstoða við úrlausn verkefnisins.
3. Umræða um sameiningu sveitarfélaganna.
Oddviti fór yfir helstu vendingar varðandi sameiningu sveitarfélaganna.
Einnig gerði oddviti grein fyrir fundi 20 minni sveitarfélaganna með Sigurði Inga samgöngu- og sveitarstjórnaráðherra.
4. Ákvörðun um kaup á varmadælum í Tjörneshrepp.
Hreppsnefnd ákveður að kaupa varmadælur íg samráði við íbúa. Öllum sem var boðin þátttaka ætla að vera með að einu húsi undanskildu.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið 16:50.

Katý Bjarnadóttir
Aðalsteinn J. Halldórsson
Jónas Jónasson
Smári Kárason
Jón Gunnarsson